TUDOR RAFGEYMAR

MIKIÐ ÚRVAL - TRAUST OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
TUDOR 35 ÁR Á ÍSLANDI

Öflugir TUDOR High Tech rafgeymar

- 95Ah, 800 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon Boost)
- Nýjar og endurbættar blýgrindur (3DX)
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

BVA.is
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bílaverkstæði Austurlands - Miðási 2 – 700 Egilsstöðum – Sími: 470 5070 - www.bva.is

AUSTURLAND

29. OKTÓBER 2015
16. tölublað 4. árgangur

Brúarsmiður við Eskifjarðará

Vertu viðbúinn vetrinum
Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
Léttar • Sterkar • Traustar
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
Ísnet Húsavík • s. 5 200 555
Ísnet Akureyri • s. 5 200 550
Ísnet Sauðárkrókur • s. 5 200 560
Kristbjörg Ólafsfjörður • s. 5 200 565
ÍSFELL
www.isfell.is
Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn

Eldhúsið
hjarta heimilisins

Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft


Forstofan
einfaldara verður það ekki


Stofan
alltaf jafn heimilislegt

Baðherbergið
hlýtt og mjúkt undir fæti

Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Forbo FLOORING SYSTEMS

Sérverslun með gólfdúk og teppi

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

Ráðið í starf frétta- og dagskrárgerðarmanns á Austurlandi

Arnaldur Máni Finnsson hefur verið ráðinn í starf frétta- og dagskrárgerðarmanns á Austurlandi. Hann mun starfa við hlið Rúnars Snæs Reynissonar sem hefur unnið hjá RÚV á Austurlandi undanfarin ár. Arnaldur Máni tekur til starfa um miðjan nóvember og bætist þar með í öflugan hóp frétta- og dagskrárgerðarmanna RÚV utan höfuðborgarsvæðisins.

Arnaldur Máni er guðfræðingur frá Háskóla Íslands. Undanfarin ár hefur hann verið verkefnastjóri í ýmsum menningartengdum verkefnum. Hann hefur meðal annars verið hluti af verkefnastjóra-teymi hönnunarverkefnisins Austurland: Designs from Nowhere sem hlaut Hönnunarverðlaun Íslands í fyrra.

Einnig hefur hann starfað sem blaðamaður á Vestfjörðum og skrifað greinar og gagnrýni í menningarvefritið Starafugl.

Fyrr í haust var gengið frá ráðningu þriggja nýrra frétta- og dagskrárgerðarmanna á landsbyggðinni og eru nú starfandi frétta- og dagskrárgerðarmenn í öllum landshlutum. Þetta er í takt við yfirlýsta stefnu RÚV um að auka starfsemi sína á landsbyggðinni.

„Brostu þá margir heyranlega“

Sýning og dagskrá í tilefni af því að 160 ár eru frá fæðingu Sigfúsar Sigfússonar, þjóðsagnasafnara frá Eyvindará.

Um þessar mundir eru 160 ár frá fæðingu Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnasafnara frá Eyvindará. Af því tilefni verður haldin Sigfúsarvaka í Safnahúsinu á Egilsstöðum laugardaginn 31. október kl. 16: 00. Þar verður fjallað um ævi Sigfúsar og störf auk þess sem þjóðsögur, sagnir og ljóð úr safni hans verða flutt á fjölbreyttan hátt.

Við sama tilefni verður opnuð sýning um Sigfús í kjallara Safnahússins. Þar verða meðal annars til sýnis ýmis persónuleg skjöl Sigfúsar og hægt verður að hlusta á þjóðsögur.

Sýningin og vakan eru samstarfsverkefni Héraðsskjalasafns Austfirðinga, Minjasafns Austurlands og Bókasafns Héraðsbúa. Verkefnið er styrkt af Alcoa Fjarðaáli og Ússuhópnum.

Vakan fer fram í kjallara Safnahússins (fyrir framan Héraðsskjalasafnið) og þar verður sýningin einnig.

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar gefa:

Bára Stefánsdóttir, forstöðumaður Héraðsskjalasafnsins, bara@heraust.is

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri Minjasafnsins, elsa@minjasafn.is

Sjá einnig Facebook-síðu viðburðarins: https://www.facebook.com/events/1084662721575297/

Héraðsskjalasafn Austfirðinga · Minjasafn Austurlands · Bókasafn Héraðsbúa · Ússuhópurinn · Alcoa

Mikið úrval auka og varahluta í flestar gerðir hjóla.

www.4h.is

Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Hfj • Sími 588 3355

Eigum til reimar í miklu úrvali í flestar gerðir snjósleða og fjórhjóla.

www.4h.is

Fjórhjólalagerinn
Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355

Á flótta undan vindinum

Ásgeir Hvítaskáld hefur nú gefið út bók sem er seinna bindi lífreynslusögu hans sem heitir Á flótta undan vindinum. Austurland hrindi í Ásgeir og fékk þetta upp úr honum:

Já, Sigurður, þetta er líklega mitt lífsverk, vegna þess að ég hef verið að þróa þennan stíl alveg frá unglingsárum og leitaði mikið að því hvaða stíl ég vildi tileinka mér. Ég vildi ekki skrifa glæpasögur, ég vildi skrifa eitthvað sem var trúverðug [innskot ritstjóra, trú, verðugt eins og Ásgeir segir það er merkileg pæling] Sambland af sannleika og lygi, og stundum haugalygi. Fólk tekur þessu sem ævis0gu minni, sem hún er ekki, þetta er blanda af upplifunum og lífi og til þess gerð að vera einmitt lífreunsluskáldsga. Fólk sem hefur lesið bókina veit hvað ég er að tala um, þetta er saga um strák sem langar til þess að upplifa meira og annarsstaðar en í eigin garðshorni, auðvitað er hún uppfull af lygum og kannski mest sjálfslygum, en er samt saga um ungan dreng sem fór þetta ferðalag. Skoða sig um skoða veröldina og reyna að skilja hvernig þetta hangir allt saman. Þetta er saga umstrák sem tók woodstock og og aðra furðulega hluti eins og sjálfgefna, Hafandi verið í Nepal og enn á flótta undan vindinum, og fattar það svo stundum að hann er hættur að flýja, hann er kominn heim.

Austurland kann vel við þessa bók og óskar Ásgeiri hvítaskáldi til allrar hamingju. Vindurinn ber mann stundum út af leið en að skrifa sig í gegnum vindinn er ekki öllum gefið!

Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915

Smári Geirsson hefur gefið út afskaplega merkilega bók, se er sosum ekki neinn notalegheitalestur undir sæng, en einstaklega fræðandi, Í bókinni eru sögur af blásýrikenndum veiðum og hvalrekskenningum og ef að ritstórinn má óska til hamingju einhvers, Þá myndi hann óska þrekvirki þessu velfarnaðar. Glæsileg bók og stútfull af sögum.



AUSTURLAND
Auglýsingasíminn er 578 1190
Netfang: auglysingar@fotspor.is.

Erum við **að leita að þér?**

Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá stofnun árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Hjá okkur eru umbætur hafðar að leiðarljósi, þar sem umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Við leggjum mikið upp úr góðum aðbúnaði, teymisvinnu, öflugu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

Við skiptum yfir í 8 tíma vaktir — frá og með 1. mars 2016
Í sumar var undirritaður nýr kjarasamningur milli Alcoa Fjarðaáls og verkalýðsfélaga sem meðal annars minnkar vinnuskyldu starfsfólks á vöktum. Því skiptum við alfarið úr 12 tíma vöktum í 8 tíma, frá og með 1. mars á næsta ári. Um leið fjölgum við vakthópum.

Breytingin er bæði fjölskyldu- og samfélagsvæn og býður starfsfólki upp á meiri tíma með sínum nánustu og aukna þátttöku í samfélaginu.

Við leitum að starfsfólki í framleiðslu, rafvirkjum og vélvirkjum
Alcoa Fjarðaál mun á næstu vikum ráða inn starfsfólk til að mæta breyttu vaktakerfi. Ef þú hefur áhuga á að koma í fjölbreyttan hóp starfsmanna hjá okkur þá hvetjum við þig til að kynna þér málið nánar og senda inn umsókn.

Skriflegum umsóknum skal skilað á **www.alcoa.is**. Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum **2. nóvember**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir:
valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com og 470 7700.

FJARÐAÁL
alcoa.is

ALCOA

LEIÐARI

Örfá orð

Það er alveg stórmerkilegt hvað veturinn kemur manni alltaf á óvart. Og rétt svo farinn að tylla niður tánum í garðinn manns, eins og fyrir kurteisi sakir. En hann er auðvitað eins og annað í lífi manns, uppfullur af hávaða, látum (í öllum skilningi þess orðs) og óþægindum. Sem minnir mig auðvitað á sögu: „Einhversstaðar í hundskinnsútnára jarðarinnar býr þjóð sem er álíka margmennsk og smáþorp á meginlandinu og kýs að vera þar. Þessi þjóð, ef svo mætti kalla, kýs yfir sig veturinn og harðstjórn. Aftur og aftur. Og finnst hún merkileg fyrir vikið. Þessi þjóð selur landið undan sér til frjármálarisa í vesturveldum og státar sig samt af eigin ágæti og hreinleika jarðarinnar. Þetta er afskaplega furðuleg þjóð. En samt á hún fólk sem yrkir ljóð og semur sögur í hjárænulegum tilgangi þess að gæða líf sitt merkingu. Það sem er samt kostulegast er að þessi þjóð á afskaplega erfitt með að uppgötva eigin merkingu, sitt egið land, sína fossa, fjöll og firnindi, þessa Guðsgjöf sem henni var færð og reyna frekar að selja hana en njóta hennar. Og með þeim orðum býður ritstjórinn ykkur öll vel að lifa.

Sigurður Ingólfsson

Náttúruverndar-samtök Austurlands

Erla Dóra Vogler.

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands, NAUST, var haldinn sl. laugardag, 24. október.

Fundurinn sendir frá sér eftirfarandi ályktanir:

Um fræðslu og umræðu um skipulagsmál.

Aðalfundur NAUST 2015 hvetur til meiri og opnari umræðu um skipulagsmál en verið hefur og beinir þeim tilmælum til félaga í náttúruverndarsamtökum að setja sig sem best inn í ferli skipulagsmála með það að markmiði að hafa áhrif á ákvarðanir sveitarstjórna á þessu sviði. Markmið skipulagslaga er m.a. „að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“ (Skipulagslög nr. 123/20110) Til að upplýsa og fræða almenning um skipulagsmál telur fundurinn æskilegt að ráðnir verði sérmenntaðir skipulagsfræðingar að náttúrustofum landshlutanna og verði laun þeirra greidd af ríkissjóði.

Um vinnu að friðlýsingarmálum

Aðalfundur NAUST 2015 átelur seinagang við vinnu að friðlýsingarmálum sem formlega hafa verið tekin á dagskrá hjá stjórnvöldum, m.a. samkvæmt náttúruverndaráætlunum. Dæmi um þetta hér austanlands eru tafir við vinnu á vegum Umhverfisstofnunar að friðlýsingu Gerpissvæðisins, en senn eru liðin 20 ár frá því tilmæli þar að lútandi voru samþykkt af viðkomandi sveitarstjórnum og málið síðan tekið upp í náttúruverndaráætlun með samþykki Alþingis.

Um baráttu við ágengar tegundir

Aðalfundur NAUST 2015 vekur athygli á þeirri umhverfisvá sem ágengar tegundir eins og lúpína og skógarkerfill valda í gróðurríki landsins. Afleiðingarnar blasa nú við í flestum byggðarlögum á Austurlandi, ekki síst í nágrenni þéttbýlis. Brýnt er að bregðast við með samræmdum aðgerðum, m.a. til að koma í veg fyrir að slíkir vágestir leggi undir sig friðlýst svæði. Dæmi um það eru Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, Hólmanes og Fólkvangur Neskaupstaðar.

Um heildstæða löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd

Aðalfundur NAUST 2015 telur brýnt að sett verði heildstæð löggjöf um gróður- og jarðvegsvernd sem byggi á bestu fáanlegri þekkingu, ákvæðum alþjóðasamninga og reynslu hér heima og erlendis. Slík löggjöf ætti m.a. að taka til skógverndar, skógræktar og landgræðslu og leysa af hólmi hálfrar aldar gamla lagabálka um þau efni.

Um samstarf náttúruverndarfélaga

Aðalfundur NAUST fagnar því samstarfi sem tekist hefur með náttúruverndarfélögum hérlendis undanfarin ár og væntir að það eigi eftir að eflast framvegis. Sérstaklega fagnar fundurinn auknum styrk Landverndar með fjölda nýrra félagsmanna, en NAUST hefur allt frá stofnun verði aðili að Landvernd.

Um umgengni í dreifbýli og þéttbýli

Þótt umgengni til sjávar og sveita hafi almennt batnað til muna á síðustu áratugum er þó enn alltof víða reiðuleysi sem engin lög eða reglur virðast ná yfir. Má þar m.a. nefna eyðibýli þar sem við blasa hálfhrunin mannvirki og leifar girðinga sem skapa hættur fyrir gesti og gangandi, búfénað og hreindýr. Skorað er á sveitarstjórnir og landeigendur að ráða bót á þessu og löggjafann að herða reglur þar sem opinberum fyrirmælum kann að vera ábótava

Um silfurberg

Aðalfundur NAUST lýsir ánægju með löngu tímabærar lagfæringar á aðgengi að silfurbergsnámunni á Helgustöðum sem friðlýst var 1975. Jafnframt er Breiðdalssetri þakkað frumkvæði að myndarlegri sýningu um silfurberg sem þar var opnuð sl. sumar. Aðalfundurinn hvetur eindregið til þess að í Fjarðabyggð verði komið upp sérsýningu um silfurberg og nýtingu þess á heimsvísu, en Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðingur hefur dregið saman heimildir um þau efni af kostgæfni.

Um Teigarhorn og umhverfismál í Djúpavogshreppi Aðalfundur NAUST 2015 óskar Djúpavogshreppi til hamingju með þann árangur sem þar hefur náðst í umhverfis- og skipulagmálum fyrir markvissa baráttu sveitarstjórnar mörg undanfarin ár. Sérstaklega fagnar fundurinn því átaki sem gert hefur verið nýlega með stuðningi af hálfu ríkisins varðandi jörðina

Teigarhorn og þær jarðmyndanir, steindir og þjóðminjar sem þar er að finna.

Stækkun austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Náttúruverndarsamtök Austurlands fagna stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs sem nemur Krepputungu. Hvatt er til þess að áfram verði unnið markvisst að því að Brúaröræfi á milli Hálslóns og Krepputungu verði hluti þjóðgarðsins hið fyrsta. Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þarf að skoða og skilgreina sem eina heild hvað varðar verndun, skipulag og nýtingu. Það verður ekki fyllilega gert fyrr en fyrrnefnt svæði tengir saman Krepputungu og Snæfellsöræfi.

Gullleit á Austurlandi

Aðalfundur NAUST 24. október hvetur sveitarstjórnamenn á Austurlandi til að kanna til hlítar og kynna fyrir almenningi hvað felst í fyrirætlunum um gull og koparvinnslu í nágrenni forneldstöðvanna sem kenndar eru við Fagradal í Vopnafirði og Þingmúla.

Dagar myrkurs 2015:

Menningarhátíð undir kvöldhimni

Menningarhátíðin Dagar myrkurs hefst 28. október næstkomandi og stendur til 1. nóvember. Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan 2000 og hefur fyrir löngu tryggt sér sess sem einn af helstu menningarviðburðum ársins fyrir austan þar sem íbúar fjórðungsins taka höndum saman og gera tilveruna bjarta þrátt fyrir takmarkaða dagsbirtu.

Dagar myrkurs eru byggðahátíð á Austurlandi þar sem gervallur landshlutinn leggst á eitt við að gera íbúum og gestum þeirra glaða daga í svartasta skammdeginu og lýsa þá upp m.a. með skírskotun í ríkan drauga- og vættaarf sem Austfirðingar eiga. Hátíðin hefur lengst af verið tíu daga löng þar sem hver viðburðurinn rekur annan en eftir Daga myrkurs í fyrra var ákveðið að stytta hana í fimm daga hátíð og hefst hún því miðvikudaginn næsta og lýkur á sunnudegi.

Sem fyrr er hér um að ræða glæsilega menningarveislu þar sem allir hljóta að finna eitthvað við sitt hæfi. Má þar nefna stórtónleika Sinfóníusveitar Íslands á Egilsstöðum 29. október, tónleika hljómsveitarinnar Evu á Eskifirði og Seyðisfirði (29. og 30. október), opnun sýningar á verkum Eyborgar Guðmundsdóttur og Eyglóar Harðardóttur undir sýningarstjórn Gavins Morrison í Skaftfelli á Seyðisfirði 31. október, Sigfúsarvaka í Safnahúsinu á Egilsstöðum, tileinkuð Sigfúsi Sigfússyni þjóðsagnasafnara frá Eyvindará, tónleikar Páls Rósinkranz á Breiðdalsvík 31. október, bílabíó á Eskifirði 1. nóvember, Ljós í myrkrinu á Hótel Héraði og hrekkjavökupartí svo eitthvað sé nefnt.

Frekari upplýsingar um þessa viðburði og aðra viðburði Daga myrkurs 2015 má sjá á síðunni East.is. Þá er lesendum jafnframt bent á að skoða heimasíður sveitarfélagana fyrir nánari upplýsingar um viðburði á hverjum stað fyrir sig: breiddalur.is, djupivogur.is, visitegilsstadir.is, visitfjardabyggd.is, sfk.is og vopnafjardarhreppur.is en að venju eru alls kyns uppákomur fyrirhugaðar í öllum byggðakjörnum Austurlands.

Nánari upplýsingar um Daga myrkurs 2015 fást hjá Austurbrú ses. sem heldur utan hátíðina í samvinnu við sveitarfélög eystra.

AUSTURLAND 16. TBL. 4. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Dr. Sigurður Ingólfsson, sími: 864-2110 & netfang: drsiggi@gmail.com. **UMBROT:** Prentsnið. **PRENTUN:** Landsprent, 4.700 eintök. **DREIFING:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 4.700 EINTÖKUM Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á AUSTURLANDI.
BLAÐIÐ ER AÐGENGILEGT Á PDF SNIÐI Á VEFNUM WWW.FOTSPOR.IS.

AUSTURLAND
Auglýsingasíminn er 578 1190
Netfang: auglysingar@fotspor.is.

SAMSUNG

TILBOÐSDAGAR

SAMSUNG TILBOÐ

JU6415: 4K • UHD • SMART • 1000 PQI

*UE**40”**JU6415* ***kr.159.900.-***
*UE**48”**JU6415* ***kr.189.900.-***
*UE**55”**JU6415* ***kr. 239.900.-***

SAMSUNG TILBOÐ

Eco Bubble

8 kg. 1400 sn.

WW80H7400EW

Gerð: Eco Bubble (sparkerfi sem þvær betur)
Taumagn: Tekur 8 kg
Vindingarhraði: 1400 sn/mín, afgangsraki 45%
Kollaus mótor: 10 ára ábyrgð á mótor
Fuzzy-logig magnskynjunarkerfi
Hraðkerfi: 15 mín. / Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++
Tromlutegund: “Swirl Drum” dregur úr sliti á taui og eykur þeytivinduafköst
Keramik element hitar betur og safnar ekki húð
Hurðarlöm og krókur úr málmi
Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott
Ullarkerfi: ullarvagga
Stilling allt að 19 klst. fram í tímann.
Ekki hægt að breyta stillingum á vélinni í vinnslu
Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn vatnsleka
850 x 600 x 650mm

Verð kr: 119.900,- ***Tilboðsverð kr: 99.900,-***

SAMSUNG TILBOÐ

RB29FSRNDWW

Kælir - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða. Hvítur eða stál.

Kr. 94.900,-

RB31FERNCSS

Kælir - frystir

185 cm skápur. 208+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.

Kr. 110.900,-

SAMSUNG TILBOÐ

JU6675:
• 4K • UHD • SMART • 1300 PQI

*UE**40”**JU6675* ***kr.169.900.-***
*UE**48”**JU6675* ***kr. 199.900.-***
*UE**55”**JU6675* ***kr. 249.900.-***

Micro Dimming Pro · x4 Quad Core · ULTRA HD · Curved

ormsson.is/samsungsetrid

VERSLUNIN PAN
EGILSBRAUT 6 · NESKAUPSSTAÐ · SÍMI 477 1900

ORMSSON VÍK
MIÐVANGI 13 · EGILSSTÖÐUM · SÍMI 471 2038

Fréttatilkynning frá Framfarafélagi Fljótsdalshéraðs:

Veiting viðurkenningar„Frumkvæði til framfara“ 2015

Á aðalfundi Framfarafélags Fljótsdalshéraðs 2015, fimmtudaginn 8. október s.l. fór fram afhending viðurkenningarinnar „Frumkvæði til framfara 2015” á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Viðurkenning þessi er veitt þeim, sem þykja hafa skarað framúr varðandi nýsköpun og atvinnuþróun á félagssvæðinu. Þetta hefur alllengi verið árlegur viðburður frá hendi Framfarafélagsins með dyggum stuðningi og þátttöku Landsbankans á Egilsstöðum.

Að þessu sinni hlutu eftirtaldir þrír frumkvöðlar á sviði tón- og sönglistar á félagssvæðinu þessa viðurkenningu og óska veitendur hennar þeim innilega til hamingju með framlagið:

Drífa Sigurðardóttir, skólastjóri Tónlistarkólans í Fellabæ og organisti Ássóknar á Fljótsdalshéraði. Hún hefur stjórnað Karlakórnum Drífanda frá stofnun hans árið 2001.

Thorvald Gjerde, organisti og kórstjóri í Egilsstaða- og Vallaneskirkjum er upphafsmaður Tónlistarstundanna og listrænn stjórnandi þeirra. Tónlistarstundir hafa verið árviss viðburður í tónlistarlífinu á Fljótsdalshéraði í meira en 10 ár. Þar er lögð áhersla á að gefa áheyrendum tækifæri til þess að hlusta á listafólk af svæðinu, en einnig hafa komið fram þekktir listamenn annars staðar frá. Þá hefur hann stjórnað Kammerkór Egilsstaðakirkju um árabil.

Margrét Lára Þórarinsdóttir, söngkennari við Tónlistarskólana á Egilsstöðum og í Fellabæ. Hún er stofnandi og stjórnandi Kvennakórsins Héraðsdætur og er stjórnandi Stúlknakórsins Liljurnar. Óhætt er að segja að starf hennar hafi lífgað mjög sönglistaráhuga á Fljótsdalsérað. Sjálf er hún frábær söngkona og hefur oft komið fram sem slík á félagssvæðinu og víðar. Frá vinstri: Drífa, Thorvald og Margrét Lára

Stjórn Framfarafélags Fljótsdalshéraðs

Tvöfalt meiri afli unninn á Seyðisfirði en í fyrra

Um þessar mundir hafa 2.600 tonn af fiski komið til vinnslu hjá fiskvinnslustöð Gullbergs á Seyðisfirði það sem af er þessu ári. Á sama tíma í fyrra höfðu 1.310 tonn komið þar til vinnslu. Aflinn sem unninn hefur verið hefur semsagt tvöfaldast á milli ára. Nánast allur afli sem unninn hefur verið í fiskvinnslustöðinni á árinu er ufsi og þorskur. Einungis örlítið af ýsu hefur fengið að fljóta með.

Ómar Bogason hjá fiskvinnslustöð Gullbergs segir að þróunin sé svo sannarlega ánægjuleg. „Þetta er rosaleg breyting. Um langt skeið hefur yfirleitt ekki verið unnin full vinnuvika hjá okkur en nú er framleitt á fullu alla daga. Það er séð til þess að ávallt sé nægilegt hráefni til vinnslu – þetta er eins og í súkkulaðiverksmiðju. Svona þarf þetta að vera og við væntum þess að í framtíðinni verði vinnslan hér vel búin og skili góðri rekstrarniðurstöðu. Starfsfólkið er mjög ánægt með þessa breytingu á starfseminni og það hefur allt staðið sig frábærlega,“ sagði Ómar.

Frá því að Síldarvinnslan festi kaup á fiskvinnslustöðinni á Seyðisfirði og togaranum Gullver hefur afli til stöðvarinnar komið frá Gullver, Bjarti og Vestmannaeyjaskipunum Bergey og Vestmannaey. Áður hefur komið fram að ýmsir hafi verið uggandi um framtíð fiskvinnslu á Seyðisfirði eftir að Síldarvinnslan í Neskaupsstað keypti Gullberg, en nú virðist sá ótti heyra sögunni til.

Gullver kom til löndunar á Seyðisfirði þann 15. október og var afli hans 70 tonn, uppistaðan þorskur og karfi.

Unnið af krafti í fiskvinnslustöð Gullbergs á Seyðisfirði. L jósm. Ómar Bogason

Vinnsla á íslenskri sumargotssíld að hefjast

Bjarni Ólafsson AK kom til hafnar í Neskaupstað þann 20. október með 800 tonn af íslenskri sumargotssíld sem fékkst vestur af landinu. Síldin fer öll til manneldisvinnslu. Heimasíðan hafði samband við Gísla Runólfsson skipstjóra og upplýsti hann að aflinn hafi fengist í Jökuldjúpinu. „Skammturinn náðist en það var ekki mikið fjör í veiðunum, þetta var svona nudd,“ sagði Gísli. „Það sést ekki mikið af síld ennþá á þessum slóðum. Hún er líklega eitthvað seinna á ferðinni en vanalega. En við erum bjartsýnir, þetta er rétt að byrja og það á örugglega eftir að rætast vel úr þessu,“ sagði Gísli að lokum.

Bjarni Ólafsson AK kom til hafnar þann 20. október. Ljósm. Hákon Ernuson

Síldarvinnsluskipin Börkur og Birtingur eru farin til síldveiða. Börkur fór þann 18. október og hefur hafið veiðar en Birtingur fór þann 19.

Í stuttu spjalli Austurlands við Smára Geirsson, sem betur er minnst á annarsstaðar í blaðinu, kom fram að hann væri bjartsýnn á aflahorfur og að það væri fullt af fiski.

Framtak-Blossi
er orðinn umboðsaðili
fyrir Volvo penta rafstöðvar
og skrúfuvélar á Íslandi



Sala á Volvo Penta varahlutum og viðgerðarþjónusta

VOLVO PENTA

FRAMTAK
BLOSSI ehf

Dvergshöfða 27 - 110 Reykjavík - www.blossi.is - blossi@blossi.is

Löggæsla. . .

Um nokkurt skeið hefur ekki verið Lögreglustöð á Seyðisfirði, enda fyrrum húsnæði lögreglunnar núna notað fyrir Vínbúð. Ekki það að nokkur þyrfti að kvarta undan vínbúðum, en í vissu samhengi er þetta samt svolítið kaldhæðnislegt. Ritstjóri Austurlands renndi sér þessvegna niður á Eskifjörð til að spyrja yfirlögregluþjóninn Jónas Vilhemsson Jensen, aðeins um ástand lögreglumála á Austurlandi og á landinu öllu. Þar var honum vel tekið og svo var sest að spjalli:

Jæja Jónas, hvernig er með lögreglumál og lokaða Lögreglustöð á Seyðisfirði?

Þettta er auvitað skandall, Þaðer búið loka lögreglustöðunni frá 2009. Ég ætla ekki að gagnrýna einn né neinn, en þegar þessi gjörningur var framinn, fannst mér þetta mjög skrítið. Og aftur án þess að gagnrýna einn né einn, þá finnst mér þetta vera skandall

Hvernig snúa Seiðfirðingar sér þá, ef að þeir þurfa á hjálp að halda og það er ekki einu sinni fært yfir heiðina?

Þeir auðvitað hringja í 112 og málunum er bjargað og þetta er grínlaust, mjög erfitt. Þarna kemur fólk á annan stærsta landamærastað landsins og þá þarf á lögreglu að halda, eins og dæmin sanna og það að hafa ekki lögreglu þar er auðvitað alveg út úr kortinu. Þetta er ekkert að byrja bara núna, þetta hefur verið svona árum saman, ekki bara á fíkniefnum, heldur allskonar öðru?

Og til dæmis eru þetta ekki nein smámál sem upp hafa komið nýverið

Neinei, en það var til staðar fólk sem sinnti sínu, til dæmis að vera bara sýnilegt við aðstöðu sem var ekkert sérstaklega til fyrirmyndar, en við teljum að þessi starfsemi okkar hafi gengið mjög vel og gefið góða raun. Það var kominn upp viss taktur í því að við værum sýnileg og gekk mjög vel, með fjárveitingar og aðstöðu og slíkt en ég hef ekki fengið neina skýringu á því hvers vegna þessu var hætt. Aðstaðan er auðvitað ekki til fyrirmyndar en ég geri ráð fyrir því að úr því verði á einhverjum tímapunkti bætt og við teljum að okkar starfsemi þarna hafi gengið vel og gefið góða raun. Vínbúðin ætti að finna sér annan stað, til dæmis í þeim stað sem allir heimsækja, húsið var byggt sem lögreglustöð og vel staðsett sem slík.

Hvernig eru samskipti á milli lögreglu og annarra best?

Eins og ég segi, þetta er alltaf spurning um mannleg samskipti, við erum til staðar og erum ekki til þess að refsa neinum, við erum til þess að sýna fólki visst traust og eitthvað sem er gott að sjá að megi leita til. Þetta er tilfinningaríkt mál og lögreglan er ekki til þess að skapa ótta, heldur traust. Og auðvitað er þetta ástand mikið álag á lögregluna uppi á Egilsstöðum og víðar. En ég ber þá von í brjósti að ákvörðun verði tekin í rétta átt. Seyðfirðingar eru nú þekktir fyrir að halda við gömlum húsum og halda bænum í sagnfræðilegu samhengi. Og auðvitað ætti vínbúðin að vera í gamla húsinu, eða við innkaupamiðstöðina.

Þetta er auðvitað álahgsstarf?

Jájá, en við erum til þess að þjóna fólkinu og tilverugrundvöllur okkar gengur út á að greiða götu borgaranna, hjálpa til og sinna hlutum sem vissulega koma upp og stundum ekkert þægilegir, en við eigum að vera til staðar og reiðubúnir. Og ef að lögreglan er ekki til þess stakks búin, þá er hún bara eitthvað útkallsbatterí og ekki lengur lögregla eins og við viljum hafa hana, á patróli og viðbúin. Til dæmis höfum við verið til staðara á bæjarhátíðum og verið með, Eistnaflug er gott dæmi, franskir dagar á Fáskrúðsfirði, humarhátíð og margt fleira, þar sem við erum aðallega til að hjálpa fólki sem kann sér ekki alltaf fótum sínum forráð.

En svo spyr maður sig einmitt, hvernig ætti að koma vínbúðinni fyrir en annarsstaðar en í fyrrverandi lögreglustöð?

Fyrir utan það að lögleglan var skorin niður um 300 og þrjátíu milljónir er staðan á Seyðisfirði grátbroslegt dæmi um það hvernig er komið fram við lögæslufólk Við erum alltaf til staðar og eigum almennt góð samskipti við fólk. Við erum til einhvers.

Ritstjórinn þakkar Lögreglunni fyrir sitt starf og þær manneskjur sem því sinna af stakri hugulsemi við mannlífið. Gangi ykkur vel!

Sigurður Ingólfsson

Harðorður hótelhaldari:

„Það er nákvæmlega ekkert skipulag til í ferðaþjónustu á Íslandi“

Þráinn Lárusson. Mynd: Austurfrétt

Í alvöru ferðamannalöndum dytti engum í hug að hafa frítt inn á alla skoðunarstaði, tíma þess vegna ekki að setja upp klósett og sómasamlega aðstöðu við þessa staði, láta sér síðan detta í hug að bjarga málunum með því að setja rúmlega tvöfalt hærri skatt á hótelgesti en þekkist annarstaðar, eiga þrjár fluggáttir inn í landið en opna aðeins eina sem engan vegin getur annað fjöldanum, dengja þannig líka ferðamönnunum öllum niður á sama blettinn og markaðssetja síðan bara örfáa agnarsmá skoðunarstaði í nágrenni flugvallarins og skilja síðan ekkert í því að allt er að fara í óefni og gullgrafararnir mættir á svæðið.

En þetta er ekki bara Ísland í dag, svona hefur Ísland alltaf verið.“

Greinar innan ferðaþjónustunnar sem lúta nánast engum reglum

Þetta skrifar Þráinn Lárusson, hótelhaldari og athafnamaður á Austurlandi, í grein á Austurfrétt. Þráinn þekki ferðamannabransann býsna vel enda rekur hann bæði Hótel Hallormsstað á Héraði og Hótel Valaskjálf á Egilstöðu. Þráinn segir fáfræði að tala um ferðaþjónustu á Íslandi sem eina atvinnugrein og tala um metnaðarleysi í „stéttinni“. Tilfellið sé að gríðarlega margar atvinnugreinar séu innan ferðaþjónustunnar og óþolandi að þær séu allar settar undir sama hatt.

Í þessum atvinnuvegi eru til að mynda mjög margar atvinnugreinar sem hafa mjög mikið gott regluverk og það eru gerðar miklar og kostnaðarsamar starfsleyfisskyldar kröfur til þeirra. Síðan eru innan ferðaþjónustunnar aðrar greinar, og kannski yngri, sem lúta nánast engum kröfum og reglum og þar er fjandinn laus.

Stjórnvöld algjörlega brugðist skyldum sínum

Þráinn segir að stjórnvöld hafi algjörlega brugðist þeim skyldum sínum að skapa lagaumgjörð um ferðaþjónustuna og gera eðlilegar endurgjaldskröfur til hennar. Engum finnist til að mynda óeðlilegt að erlendir ferðamenn greiði ekki virðisaukaskatt af varningi sem þeir versli hér á landi heldur geti fengið hann endugreiddan við brottför. Öllum virðist hins vegar finnast það eðlilegt að setja tvöfalt hærri virðisaukaskatt á hótelgesti en tíðkast í samkeppnislöndunum.

Jú, rökin eru þau að hér borga menn ekki fyrir að skoða náttúruna! En er það eðlilegt? Það þekkist ekki nokkurs staðar í veröldinni að áhugaverðir skoðunarstaðir séu gjaldfríir. Hvernig er hægt að réttlæta það að þeir sem gista á hótelum á Íslandi skulu þurfa að greiða rúmlega tvöfalt hærri skatt fyrir að gista á hótelum svo útlendingar geti skoðað landið frítt? Nú gisti ég nokkrar nætur í mánuði á hótelum í Reykjavík, er eðlilegt að ég greiði hærra verð fyrir það svo útlendingar geti skoðað Gullfoss og Geysi frítt? Nei ég spyr nú bara svona.

„Við erum ekkert einstök, heimurinn er svona.“

Þráinn, sem búinn er að starfa í ferðaþjónustugeiranum í áratugi, segir að langbesta hugmyndin sem fram hafi komið í þessum efnum sé náttúrupassinn. Því miður hafi hagsmunaöflum tekist að koma því ágæta frumvarpi fyrir kattarnef.

Það er nákvæmlega ekkert skipulag til í ferðaþjónustu á Íslandi. Hér er öllum hrúgað niður á sömu örfáu blettina á landinu sem síðan eru eðlilega að troðast niður og allt skiljanlega að verða vitlaust út af. Á sama tíma er langstærsti hluti landsins nánast tómur og galtómir tíu mánuði á ári. Eins og gjarnan er með Íslendinga halda menn að stóraukning ferðamanna sé eitthvað sér íslenskt fyrirbrigði, en því fer víðsfjarri. Við erum ekkert einstök, heimurinn er svona.“

Fengið að láni hjá Pressan.is/Eyjunni.

***Stórglæsilegur** Ford Mondeo*
með framúrskarandi aksturseiginleikum
*frá aðeins **3.990.000** kr.*

NÝR FORD MONDEO

› Ef þú ert að leita að rúmgóðum bíl með framúrskarandi aksturseiginleika, sem jafnframt unun er að horfa á, þá er Ford Mondeo bíllinn.

Stórglæsilegur bíll sem rúmar alla fjölskylduna ásamt öllum farangrinum sem henni fylgir. Ný fjöðrun skilar enn betri aksturseiginleikum og hljóðlátara innra rými.

Veldu á milli 5 dyra eða station. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn á frábæru verði, eða frá aðeins 5.990.000 kr.

Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford - komdu og prófaðu

FORD **MONDEO**

BEINSKIPTUR
FRÁ **3.990.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **4.990.000** KR.

Ford

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,1 l/100 km. CO_2 losun 119 g/km.
Ford Mondeo 5 dyra, EcoBoost bensín 160 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,3 l/100 km. CO_2 losun 146 g/km.
Ford Mondeo 5 dyra, TDCi dísil 150/180 hö. Sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,8 l/100 km. CO_2 losun 125 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Ford_Mondeo_Glæsilegur_5x38_20151005_END.indd 1 5.10.2015 16:30:28

Lappaveisla í Sænautaseli

Charles Ross, Páll Ívan og fleiri í Eskifjarðarkirkju

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 20, 1. desember 2015. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið **avs@byggdastofnun.is** og bréflega á póstfangið **Byggðastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrókur**. Vakin er athygli á því að umsóknum þarf bæði að skila rafrænt og bréflega.

Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:

a. **Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna**
Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að átta milljónum króna.
Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.

b. **Smá- eða forverkefni**
Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærri verkefni á sviði rannsókna og/eða þróunar. Styrkupphæð er allt að einni milljón króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar.

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins www.avs.is.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi · Ártorgi 1 · 550 Sauðárkrókur · sími 455 5400 · www.avs.is

AUSTURLAND

Auglýsingasíminn er

578 1190

SJÁVARÚTVEGUR UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

Rafstilling ehf

VÉLAVERKSTÆÐI JÓHANNS ÓLAFS HF.

HORNAFJÖRÐUR

BRÚNÁS
innréttingar

Snæfellsbær

GULLBERG
SEYÐISFIRÐI

Leikhúsið er allsstaðar

Um nokkurra ára skeið hefur farið fram leikhússkálda- og áhugamanna, dulítið námskeið, sem hefur farið alla leið til Austurlands og er rétt um það bil nýlokið störfum á Eiðum. Svona námskeið eru aldrei búin og leikskáld sem þar eru, byrgja sig upp af reynslu annarra og eigin væntingum til sjálfra sín. Austurland hitti Rúnar Guðbrandsson leikstjóra og leikskáld og spjallaði við hann, eftir að hafa hlustað á Arnald Elísabetar Finnson, deila af visku sinni. Afskaplega góð stund.

Jæja Rúnar, Hvað er hér um að vera og hvernig líst þér á?

Þetta er okkar þriðja helgi í þessari törn sem er búin að fara sinn leiðangur, á milli Seyðisfjarðar, Egilstaða og út í Eiðar og hérna erum við með nýtt fólk og nýjar hugmyndir sem eru sumar hverjar alveg hreint út sagt mjög góðar. Hér er saman komið fólk sem hefur áhuga á að skrifa um leikhús, inn í leikhús og fyrir leikhús.

Og er eitthvað varið í þetta? Spyr maður sig af fullum hroka?

Já, heldur betur, sumt er alveg bráðvel gert, þetta er svona viss blanda af sveitarómantík, súrrealískum aðstæðum, barnaleikrit og og fullorðins og margt virkilega vel gert. Og svo skiptir öllu máli að þetta er svo gaman. Við erum búin að vera með kennara sem koma með okkur í þetta ferðalag, núna er Toggi, sá ljóti hálfviti, með okkur, Sigga Lára, búin að vesenast með okkur, vanur höfundur og útgefandi, Arnaldur heldur svo utan um þetta og all gengur vel upp.

Ritstjórinn skoðaði sig aðeins um og var boðið í plokkfisk, sem var ekki hægt að afþakka. Góð stund á Eiðum. Takk.

Sigurður Ingólfsson

KÄRCHER®

Vatnsdælur

Ryksugur

Gólfþvottavélar

Sópar

Háþrýstidælur fyrir heimilið

Þegar gerðar eru hámarkskröfur

Gufudælur

Háþrýstidælur

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Íslensk framleiðsla

» Sérsmíði á innréttingum og innihurðum.

» Ráðgjöf á staðnum.

» Þrívíddarteikningar.

» Sendum um allt land.

TAK INNRÉTTINGAR

SS BYGGIR EHF • Njarðarnes 14 • 603 Akureyri • Sími: 460 6100 • ss@ssbyggir.is

www.ssbyggir.is

Björt er framtíðin

Austurland hafði fregnir af því að ein af þess skæru stjörnum, væri farin að brillera í Danaveldi og sló á þráðinn:

Blessuð Björt, hvað syngur?

Jú ég segi bara allt svona líka ofboðslega gott. Er nýflutt til Danmerkur og er hérna að fókusera á tónlistina mína og stefni á masternám eftir áramót, sem mér persónulega finnst ofboðslega spennandi þó að ég sakni reyndar Björt er framtíðin. LungA skólans "míns" alveg ofboðslega mikið. En hann er sem betur fer í góðum höndum.

Stór plata að koma?

Já. Ég er að gefa út 9 laga plötu undir nafninu FURA. En platan er unnin í samstarfi við og pródúseruð af Halli Jónssyni frá Egilsstöðum og Janusi Rasmussen frá Færeyjum, sem er líka með Halli og Lilju og Ragga í Bloodgroup og kom fyrst til Íslands til að spila m.a. á LungA fyrir mörgum mörgum árum. Skemmtileg tenging finnst mér :) En já. Platan er með 9 lögum samin að mestu leiti af mér en nokkur þeirra samdi ég með strákunum og þeir bjuggu til öll "bítin" en ég samdi laglínur og teksta. Flott plata finnst mér, þó ég segi sjálf frá. Svolítið öðruvísi og hægt að heyra skírskotanir í allskonar tónlistarstefnur. Þungir og drungalegir taktar við ljósa og skæra rödd mína. Miklir kontrastar og tilfinningaþrungnir tekstar oft á tíðum. Melódískt elektrónískt listapopp. En við vorum einmitt að gefa út okkar fyrsta tónlistarmyndband á dögunum sem Kamilla Gylfadóttir gerði. Myndbandið fékk hvorki meira né minna en 7000 spilanir á rétt rúmum sólahring - það er ansi súrrealískt fyrir mig, þó að það sé auðvitað ekki mikið í stóra samhenginu.

Hvernig kom samstarfið við Volmer til?

Volmer er danskur poppari sem er að gefa út tónlist á vegum Disco: wax, sem er undirlable hjá Sony. En við eigum það sameiginlegt að vera með sama umboðsmann hérna í Danmörku.

Volmer býr til mainstream gleðipopp og fyrir tveimur árum síðan spurði hann hvort að ég vildi ekki syngja inn á eitthvað af lögunum hans. Hann hafði heyrt tónlistina mína hjá umboðsmanninum mínum og fannst röddin passa fullkomlega við hans tónlist. Úr varð og endaði ég á að semja teksta, syngja og leika í tónlistarmyndbandi við lagið, sem kemur út á næstu dögum.

Svo er FURA að fara að spila á Airwaves?

Já við erum að spila 4 tónleika á Airwaves. Tveir „on venue“ tónleikar í Kaldalóni, Hörpunni á miðvikudeginum og í Gamlabíó á föstudeginum. og tveir „off venue“ tónleika á Sólon, efrihæð á fimmtudeginum og Loft hostel á laugardeginum.

Gangi þér vel, Björt Sigfinnsdóttir.

MANITOU MLT 625- 75 H

Nett fjölnotatæki

Lyftigeta: 2.500 kg
Lyftihæð: 5.900 mm
4-hjóladrifinn
4-hjólastýrður
75 hö, Kubota,
Hlaðinn aukabúnaði td., loftkælt ökumannshús, skófla, gafflar, útvarp.

STAÐGREIÐSLUVERÐ KR. 8.200.000 + VSK

Ath!! Útvegum varahluti í flestar gerðir véla og tækja – á góðu verði!!

PON Pétur O Nikulásson ehf.
Melabraut 23. P.o. Box 228.220 Hafnarfjörður
Simar: 552 2650 / 552 0110 Fax: 552 1588
E-mail: pon@pon.is

ELVIS YRKIR

Stöku sinnum hleypur hundurinn minn útundan sér, eins og maður gerir. Stundum kemur hann heim með skottið á milli fótanna og leggst upp í sófa, sér til hugarhægðar. Stundum ekki. En hann lætur mig stundum heyra aðað með hugskeytum, eins og núna:

Ei, pabbi allt er svart
og endalaust það sígur
um mig alveg eitursvalt
en alltaf best á meðan að það lýgur.

Hann er svolítið gefinn fyrir langar setningar og málsgreinsr. Furðulegur hundur.

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Það er rúm fyrir alla fjölskylduna...

Nýtt

Við kynnum Memory Deluxe heilsudýnu

- Millistíf sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann og er á frábæru verði.
- Cool Memory efnablanda með aðlagast fullkomlega að líkamanum og gefur betri öndun.
- Góð þrýstijöfnun – Réttur stuðningur – Betri öndun. Tryggir betra blóðflæði sem gerir það að verkum að þú byltir þér minna og nærð dýpri og betri svefni
- Áklæðið má þvo og er einnig með "Non-slip" efni á botni dýnunnar.
- Botnarnir eru klæddir með PU leðri í dökkum eða ljósum lit. Íslensk framleiðsla

Ævintýralega góð kaup!

Stærð	Verð dýnu	Verð m/ botni og fótum
80×200	49.900	**82.400**
90×200	59.900	**92.400**
120×200	79.900	**117.400**
140×200	89.900	**127.400**
160×200	99.900	**142.400**
180×200	119.900	**162.400**

Valhöll ▲

5 svæðisskiptar heilsudýnur.
Pokagormakerfi, gæðabólstun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.

90x200 cm
Verð aðeins kr. 72.400.-
120x200 cm
Verð aðeins kr. 82.400.-
140x200 cm
Verð aðeins kr. 92.400.-

Stillanlegt hjónarúm með Memory heilsudýnum ▶

2 x 80 x 200 cm
Verð frá kr. 339.900.-

◀ Heilsudýnur á frábæru verði
Verðdæmi á Sögu, Freyju og Þór

Verð með botni og fótum

Þór 160x200 cm	Saga/Freyja 160x200 cm
Verð aðeins kr. 199.900.-	**Verð aðeins kr. 149.900.-**
Þór 180x200 cm	Saga/Freyja 180x200 cm
Verð aðeins kr. 219.900.-	**Verð aðeins kr. 169.900.-**

Sængurverasett **Nýjar sendingar**
20-50 afsl. af eldri gerðum

HEFEL
BED AND SLEEP
Hágða sængurverasett
Ein bestu settin á markaðnum

Gömlu og góðu
Jersey bómullarlökin
80 - 140 cm kr. 3000.-
150 - 193 cm kr. 4000.-
Litur: Beige

GREEN FUTURE
sleep evolution
Sængur og koddar í úrvali

Komdu og gerðu góð kaup!

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa
★★★★★
Fimm stjörnu verslun

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

KORTER.IS

ora

HEIMILISMATUR

Tímalaus máltíð

ORA Heimilismatur lætur tímann og hjartað ráða för því réttirnir eru tilbúnir á aðeins örfáum mínútum. Ljúffengir, hollir og fjölbreyttir réttir fyrir alla fjölskylduna.

Ding og maturinn er tilbúinn.

Ferskir taktar
í tilbúnum réttum